

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarsjóður Borgarbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Borgarbyggð og hreinsun rotþróa í Borgarbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 234/2002 um fráveitur í Borgarbyggð.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr. 35.000 á hvert hús.
Fyrir fjölbýlishús	kr. 11.750 á hverja íbúð.
Fyrir annað húsnæði	kr. 50 á hvern m ³ í húsnæðinu að 4000 m ³
	kr. 12 á hvern m ³ >4000 m ³

Ef um tvöfalt frárenniskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,18% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

	Stærð í m ³	Rotþróargjald í kr.
Rotþró	0-2000	10.500
Rotþró	2.000-3.000	12.300
Rotþró	3.000-4.000	15.000
Rotþró	4.000-6.000	16.800
Rotþró	6.000-8.000	19.400
Rotþró	8.000-10.000	23.400
Rotþró	> 10.000	2.600 kr per umfram rúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.
Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.900.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Borgarnesi, 2. janúar 2006.

Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri

—————
B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2006